



Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, 19. mars 2021
Tilvísun: 2021010043/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um vistun barna á vegum stjórnvalda á einkaheimilum, 475. mál.


Barnaverndarstofa vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 8. mars 2021, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um vistun barna á vegum stjórnvalda á einkaheimilum, 475. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa lýsir yfir ánægju sinni með tillöguna og fagnar því að lagt sé til að skoðað verði hvort ástæða sé til að kanna vistun barna af hálfu stjórnvalda á einkaheimilum. Barnaverndarstofa hefur áður, með athugasemdum sínum við áform um breytingu á lögum nr. 47/2010 um sanngirnibætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, dags. 30. janúar 2020, og við frumvarp til laga um bætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum (lokauppgjör), dags. 5. nóvember 2020, bent á mikilvægi þess að sá hópur einstaklinga sem vistaðir voru af hálfu stjórnvalda, þ.e. barnaverndaryfirvalda, á einkaheimilum fái sömu tækifæri og aðrir einstaklingar sem vistaðir voru á barnsaldri á stofnunum á vegum hins opinbera til að tjá sig um dvöl sína á þeim heimilum sem þeim var ráðstafað á. Að mati stofunnar er mikilvægt að sá hópur barna sem vistaður var á vegum stjórnvalda á einkaheimilum fái að gera upp vistun sína á slíkum heimilum með þeim hætti að hið opinbera búi til vettvang þar sem þau geti greint frá uppvexti sínum og aðstæðum á umræddum heimilum líkt og þeir einstaklingar sem vistaðir voru á barnsaldri á tilteknum stofnunum hefur verið gert kleift.

Barnaverndarstofa tekur því undir þau sjónarmið sem rakin eru í tillögunni og mælir með því að hún verði samþykkt.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu